

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt, að tillögu umferðanefndar, eftirfarandi breytingar á aðalbrautarrétti í Keflavík:

1. Vatnsnesvegur verði aðalbraut frá Hafnargötu að Hringbraut.
2. Tjarnargata verði aðalbraut frá Hafnargötu að Hringbraut.
3. Niður falli aðalbrautarréttur Túngötu og Suðurgötu.

Breytingar þessar taka þegar gildi, enda hefur umferðamerkjum verið breytt til samræmis við þær.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 15. júní 1962.

Eggert Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ekki er heimilt að flytja úr landi eða til Íslands íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri, nema að fengnu leyfi, sem Seðlabanki Íslands veitir.

Heimilt er að flytja úr landi og til Íslands peningaseðla og skiptimynt, sem hér segir:

- a) Íslenskir peningar: Ferðamenn búsettir hérlandis mega flytja út og inn í landið allt að kr. 2500.00. Ferðamenn búsettir erlendis mega flytja inn allt að kr. 5000.00 og taka með sér við brottför allt að kr. 2500.00. Öðrum aðilum, að meðtöldum bönkum, er óheimilt að flytja íslenska peninga inn og út úr landinu, nema leyfi Seðlabankans komi til.
- b) Erlendir peningar: Ferðamenn búsettir hérlandis mega flytja með sér út og inn í landið þann erlenda gjaldeyri, sem þeir hafa lögleg umráð yfir. Ferðamenn búsettir erlendis mega flytja jafnmikla erlenda peninga út úr landinu og þeir fluttu inn við komu til landsins.

Bankar, sem heimild hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, svo og aðrir aðilar, sem löglegar heimildir hafa, mega flytja erlenda peninga inn og út úr landinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 1. júlí 1962.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. júní 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Oddur Guðjónsson.